

Þjónusta við börn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Apríl 2016



3,5% FJÖLGUN REYKVIKINGA Á 7 ÁRUM



Í lok árs 2009 bjuggu 118.326 manns í Reykjavík en hafði fjölgað í 122.460 í lok árs 2015.

Mest fjölgun er í hverfum þjónustumiðstöðvarinnar í Árbæ og Grafarholti (10,9%), en einnig er talsverð fjölgun á þjónustusvæði þjónustumiðstöðvar Laugardals, Háaleitis og Bústaða (4,6%).


Hlutfall barna af heildarfjölda íbúa í Reykjavík er um 23% árin 2009-2013 en fer síðan lækkandi og er 22,5% árið 2014 og 22,2% árið 2015. Hlutfallið er mismunandi eftir hverfum.

Fjárhagsaðstoð vegna barna

Veitt er sérstök aðstoð til foreldra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, vegna barna á þeirra framfæri samkvæmt gr. 16 a og 16 b í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð.

Foreldrum sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2015 fækkar um 13,4% frá árinu 2014, úr 864 í 748 manns.

Rétt rúmlega helmingur barnafjölskyldna sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu 2014 og 2015 nýta sér aðstoð vegna barna skv. 16. gr. a.



Hlutfall barnafjölskyldna af notendum sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árin 2008-2015.

Stuðningsúrræði vegna barna



Tilsjón og
persónuleg ráðgjöf



Liðveisla



Stuðnings-
fjölskyldur



Stuðningurinn heim -
uppeldisráðgjöf



Unglingasmiðjur




Skammtímvistarir

Vinnsla mála á grundvelli barnaverndarlaga

Barnavernd Reykjavíkur starfar samkvæmt 2. gr. barnaverndarlaga (nr. 80/2002) sem tryggir að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Skal það gert með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu, veita ráðgjöf og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Samstarf er á milli Barnaverndar Reykjavíkur og sex þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Tölur um fjölda mála þar sem gerð var könnun eða veittur stuðningur árið 2015 eru í vinnslu en gera má ráð fyrir fækkun sbr. meðfylgjandi mynd.



Meðalfjöldi virkra mála hjá Barnavernd Reykjavíkur árin 2006-2015.

[Ítarlegri samantekt um þjónustu við börn](#)